

1872.

1. desbr.

114. Auglýsing frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, viðvíkjandi póstmálum.

1. Tilskip. 26. febr. 1872 um póstmálefni á Íslandi kemur ílagagildi með póstum þeim, er fara frá Reykjavík í marzmánuði 1873, þannig, að ákvarðanir auglýsingarinnar 3. maí 1872 verða frá þessum tíma við hafðar við allar póstsendingar bæði í landinu sjálfu, sem við þær sendingar, er fara milli Íslands og Danmerkur eða útlanda.

2. Frá greindum tíma skal allar póstsendingar, er borga skal undir, gjöra frígengar með íslenskum póstrímerkjum, sem fást munu keypt á pótskrifstofunni í Reykjavík, og öllum pótsafgreiðslustöðum, sem nefndir eru í augl. 3. maí þ. á., sem og í minni deildum á hverjum þar nefndum brèfhirðingarstað.

Með póstunum til Reykjavíkur í næstkomandi marzmánuði skal leyft að greiða burðargjald með álimdum íslenskum frímerkjum, og er það ráðlegast einkum með tilliti til þeirra sendinga, er áfram skulu halda með póstgufuskipinu frá Reykjavík.

3. Um brèfburðargjald fyrir póstsendingar í landinu sjálfu vísast til póst-tilskipunarinnar af 26. febr. 1872, 8. gr., og auglýsingarinnar af 3. maí s. á.

4. Brèfburðargjald fyrir póstsendingar milli hins íslenska og danska póstumdæmis er samkvæmt augl. 26. septbr. þ. á., sem hér segir:

a. Fyrir almenn brèf, sem fyrirfram eru borguð:

þegar þau vega allt að 3 kvint 8 sk.

— — — yfir 3 allt að 25 kv. . 16 —

— — — — 25 — — 50 kv. . 24 —

Brèf, sem mælt er með, skal borga fyrirfram.

b. fyrir prentuð rit bundin í kross eður einbundin, sýnishorn af vörum eður eptirsnið, sem fyrirfram eru borguð og vega allt að 25 kvint, 8 sk., en sè viktin þar yfir, allt að 50 kv., þá 12 sk.

Sè sendingar þær, sem nefndar eru undir a. og b., ekki borgaðar fyrirfram, er burðargjald tvöfalt við það, sem nú var sagt.

1872.

1. desbr.

- c. Sè mælt með nefndum sendingum a og b, skal enn fremur borga fyrirfram 8 sk. fyrir hverja sendingu, auk hins almenna burðargjalds.
- d. Fyrir peningabréf skal borga, auk þess litr. a eptir viktinni ákveðna burðargjalds, enn fremur ábyrgðargjald 12 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því verði, sem á bréfinu er tiltekið.
- e. fyrir böggla er aðalburðargjaldið 12 sk. fyrir hvern böggul, að við bættum 4 sk. fyrir hvert pund, er böggull vegur; skuli böggul paraðauki flytja með innanlands-póstum, 16 sk. fyrir hvert pund.

Fyrir tiltekið verð á böggli skal enn fremur greiða ábyrgðargjald sem eptir litr. d. Fyrir tilvísunarbréfið, sem ekki má vega yfir 3 kvint, skal ekkert borga sèrílagi.

- f. Póstávísunum má skiptast á milli póstkristofunnar í Reykjavík á aðra hlið og pósthúsanna í Danmörk á hina. Burðargjald fyrir þær er 8 sk. fyrir hverja 15 rd. eða minna, en þó ekki yfir 32 sk.

5. Um burðargjald fyrir sendingar milli hins íslenzka póstumdæmis og útlanda verða upplýsingar optastnær að fá hjá öllum póstaðgreiðendum í landinu.

6. Dönsk eða útlend póstfrimerki verða ekki notuð til borgunar burðargjaldi undir bréf, sem komið er á póstana í Íslandi, heldur verður til þess að hafa íslenzk frimerki, er nú sem stendur eru gefin út uppá 2, 4, 8 og 16 sk. (2, 4, 8 og 16 rd. fyrir 100 frimerki).

7. Bréf til konungsins og konungsættarinnar skal jafnan senda borguð, og sömuleiðis allar sendingar til yfirvaldanna, nema sá, er sendir, hafi ritað á útskriftarflöt bréfsins (sè það böggull, þá á tilvísunarbréfið) vottun með eiginhandar nafni sínu um að sendingin snerti „skipaða skýrslu“, eða „heimtað álit“, eða sè „skipuð sending“.

8. Um pöntun gegnum póstaðgreiðslurnar á tíðindum þeim og tímaritum, er út koma hær á landi, mun nákvæmari auglýsing verða gefin út.

1872.

1. desbr.

9. Auglýsingin um póstmálefni á Íslandi af 3. maí 1872 verður að fá til kaups fyrir 8 sk. á pósthúsinu í Reykjavík og hjá öllum póstaðgreiðendum í landinu. Á sömu stöðvum og öllum bréfhirðingarstöðvum munu einnig liggja til eptirlits, auk þessarar auglýsingar, tilskipun 26. febrúar þ. á. og auglýsing 26. septbr. þ. á., innihaldandi ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis.

10. Í staðinn fyrir póstaðgreiðslu þá, sem eptir augl. 3. maí þ. á. var tilætluð á Kirkjubæjarklaustri, er þvílík póstaðgreiðsla fyrst um sinn stofnuð á Prestsbakka. Aðrar í auglýsingunni nefndar póstaðgreiðslur og bréfhirðingarstaðir eru óbreyttir.

11. Fyrir árið 1873 eru tilteknir þessir ferðadagar fyrir póstana frá endastöðvum aðalpóstleiðanna:

	Póstleið				Póstleið				Póstleið			
	I. Reykjavík, Stykkishólmur, Ísafjörður.				II. a, Reykjavík, Akureyri.				II. b, Akureyri, Djúpivogur.			
	frá Reykjavík	frá Stykkishólmi	frá Ísafirði	frá Stykkishólmi	frá Reykjavík	frá Akureyri	frá Akureyri	frá Djúpavogi	frá Reykjavík	frá Prestsbakka	frá Djúpavogi	frá Prestsbakka
I.	25. marz	4. apr.	14. apr.	29. apr.	26. marz	21. apr.	10. apr.	30. apr.	27. marz	9. apr.	22. apr.	1. maí
II.	8. maí	15. maí	24. maí	10. júní	9. maí	5. júní	23. maí	10. júní	10. maí	19. maí	2. júní	11. júní
III.	18. júní	25. júní	4. júlí	20. júlí	19. júní	14. júlí	1. júlí	19. júlí	20. júní	29. júní	12. júlí	21. júlí
IV.	28. júlí	4. ág.	13. ág.	30. ág.	29. júlí	25. ág.	10. ág.	28. ág.	30. júlí	9. ág.	20. ág.	28. ág.
V.	6. sept.	13. sept.	23. sept.	10. okt.	8. sept.	4. okt.	21. sept.	7. okt.	9. sept.	18. sept.	2. okt.	10. okt.
VI.	19. okt.	26. okt.	6. nóv.	20. nóv.	20. okt.	10. nóv.	6. nóv.	22. nóv.	21. okt.	29. okt.	10. nóv.	19. nóv.
VII.	1. des.	12. febr.	23. febr.	14. marz	2. des.	7. marz	18. des.	12. jan.	13. des.	19. des.	5. jan.	16. jan.

1872.

1. desbr.

Frá endastöðvum póstleiðarinnar leggur póstur af stað snemma morguns hinn ákveðna ferðadag, og brèfa meðtaka hættir kl. 8 kvöldinu fyrir. Komudagur póstis til og ferðadagur hans frá millistöðvunum verður ekki nákvæmlega tiltekinn. Þeir fyrstu ferðadagar frá millistöðvunum, sem til eru teknir í hinni nákvæmu ferðaáætlun, eiga einungis að gefa í skyn, að póstarnir megi þar ekki lengur dvelja, en þörf gjörist til að afgreiða þá áleidis og að kynna almenningi þann tíma, er með vissu verður tekið við póstsendingum á millistöðvunum með hverjum pósti.

Aukapóstarnir fara optastnær daginn eftir að aðalpósturinn frá Reykjavík kemur á þann stað, hvaðan aukapóstur skal hefja ferð sína, og koma aptur til baka eftir sólarhrings dvöl á endastað leiðar sinnar, þó svo að þeir ávallt skuli ná aðalpósti á apturleið hans um hlutaðeigandi póststöðvar.

Að öðru leyti visast til hinnar nákvæmu ferða-áætlunar póstanna, sem verða mun til eptirlits og leiðbeiningar á öllum póststöðum í landinu, og þar að auki verða látin til útbýtingar hjá amtönnunum.

Íslands stiptamt Reykjavík, 1. desbr. 1872.

Hilmar Finsen.

5. desbr.

115. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sölu tómthúss á Vestmannaeyjum.

Með brèfi, dagsettu 5. oktbr. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tómthúsmaður Guðmundur Árnason á Ömpuhjalli á Vestmannaeyjum sækir um, að hann fái til eignar ný hús, sem hann hefir byggt upp á lóð nokkurri, sem er þjóðeign, með þeim skilyrðum, að hann borgi til umboðssjóðsins 28 rd., sem hús þau, er fylgdu lóðinni og sem honum voru fengin við úttektina, eru virt samkvæmt skoðunargjörð, sem framför 17. marz 1870, og að hann greiði eins og hingað til 32